



Ferðamálastofa

# Fjárhagsgreining

Áætluð staða íslenskrar ferðapjónustu í  
árslok 2021

Ráðgjafarsvið

—  
4. janúar 2022

# Formáli

Áhrif kórónuveirufaraldursins á ferðapjónustu hér á landi eru margvísleg og mikil. Fyrir um tuttugu mánuðum síðan héldum við að þetta yrði í versta falli nokkurra mánaða kreppa en ferðapjónustan tæki við sér á líðandi ári. Svo hefur þó ekki verið. Ferðapjónustunni hefur hins vegar tekist á margan hátt að aðlaga sig ástandinu. Þegar nær fyrirvaralaust var skrúfað fyrir tekjur greinarinnar snemma árs 2020 brugðust fyrirtækin við með því að draga eins hratt og mögulegt var úr kostnaði. Ríkið kom þar rausnarlega að með ýmsum styrkjum og stuðningi. Það reyndist vel eins og kemur fram í þessari samantekt hér og þeim tveimur sem sömu aðilar hafa áður gert og voru gefnar út á síðasta ári.

Aðlögunarhæfni ferðapjónustunnar reyndist til staðar í þessum áföllum heimsfaraldurs. Erlendum ferðamönnum fækkaði verulega en þá reyndist innlendir markaður vera til staðar og nokkru meiri en reiknað hafði verið með. Ferðapjónustunni tókst að lækka kostnað hratt og aðlaga rekstur nýjum veruleika. Fá fyrirtæki hafa hætt starfsemi. Það er hins vegar þannig að svona áföll koma einhvers staðar fram og eins og rakið er í þessari skýrslu eru það skuldir sem hafa hækkað umtalsvert og eru víða orðnar of miklar til að reikna megi með að afkoma næstu ára geti staðið undir þeim.

Þessi skýrsla er sú þriðja sem Ferðamálastofa gerir með KPMG þar sem farið er yfir fjárhag ferðapjónustunnar í heimsfaraldri kórónuveirunnar. Í þeirri fyrstu sem kom út í apríl 2020 var fyrst og fremst fjallað um rekstur og afkomu í greininni. Í þeirri annarri sem kom út fyrir réttu ári síðan var það efnahagur fyrirtækjanna og þá sérstaklega skuldir sem voru í brennidepli. Í þessari skýrslu er það greining á efnahag ferðapjónustunnar þegar hillir undir lok faraldursins og hverjar eru horfur með hæfi greinarinnar til að standa undir skuldum.

Ítarleg greining í þessari skýrslu byggir á 2020 ársreikningum ferðapjónustufyrirtækja utan flugs og flugtengdrar starfsemi. Því til viðbótar er sótt í margvíslegar aðrar upplýsingar um rekstur og efnahag greinarinnar. Forsenda er að nú sjái fyrir endann á áhrifum kórónuveirufaraldursins á ferðapjónustuna og uppgangur og viðspyrna verði á næstu mánuðum. Óvissa er þó um það nú með nýjum afbrigðum veirunnar og hertum aðgerðum í þeim löndum sem sækja okkur heim.

Endurrejsn ferðapjónustunnar er fram undan. Þessi greining er innlegg í þá umræðu. Samstaða þarf að verða um hvernig tryggja skuli farsæla framtíð greinarinnar.

Skarphéðinn Berg Steinarsson  
Ferðamálastjóri



## Tengiliður KPMG:

Benedikt K. Magnússon  
Ráðgjafarsvið  
Sviðsstjóri, hluthafi  
Sími: 861 5252  
[bmagnusson@kpmg.is](mailto:bmagnusson@kpmg.is)

	bls.		bls.
<b>Formáli</b>	2	<b>Rekstur í faraldri</b>	
<b>Samantekt</b>	4	— Ferðamenn	20
<b>Fjárhagsstaða í árslok 2020</b>		— Gistinætur	21
— Þróun helstu lykilstærða	8	— Kortavelta	22
— Rekstrarþróun	9	— Atvinnustig	23
— Þróun eigna	11	— Áhrif aðgerða stjórnvalda	24
— Þróun skammtímaskulda	12	— Útgönguspá fyrir árið 2021	25
— Vaxtaberandi skuldir	13	— Hver er vandinn?	26
— Breyting eigin fjár	14	<b>Viðaukar</b>	
— Heildaryfirlit einkennandi greina	15	— Viðauki I – Yfirlit einkennandi greina	28
— Greining á rekstrarhæfi vegna skuldsetningar	16	— Viðauki II – Sundurliðun eftir einkennandi greinum	33
— Skuldastaða	17	— Viðauki III - Gagnalýsing	38
— Fjárhagsstaða við árslok - Niðurbrot	18		



KPMG

# Samantekt

# Ferðapjónusta árið 2020



**-75%**

Fjöldi  
ferðamanna

— Ferðamönnum fækkaði um 75% árið 2020 með þeim afleiðingum að tekjur lækkuðu um 200 ma.kr. á milli ára og þriggja ára eiginfjármýndun þurrkaðist út, þrátt fyrir umtalsverðar stuðningsaðgerðir stjórnvalda.

— Stöðugildum í greininni fækkaði um 40% á árinu.

**25 ma.kr.**

Stuðningsaðgerðir

— Stuðningsaðgerðir stjórnvalda koma ýmist fram sem viðbótartekjur (s.s. tekjufallstyrkir) eða hraðari lækkun kostnaðar (s.s. hlutabótaleið, laun á uppsagnarfresti og niðurfelling gistináttaskatts).

— Heildaráhrif stuðningsaðgerða utan skattfrestana og lánveitinga eru metin um 25 ma.kr. árið 2020, þar af 9,5 ma.kr. vegna hlutabótaleiðar.

— Líklegt að aðgerðirnar hafi komið í veg fyrir fjölda gjaldþrota í greininni.

**-17,4%**

EBIT / tekjur

— Rekstrafkoma (EBIT) greinarinnar versnaði um 46 ma.kr. á milli ára og var neikvæð um 26,5 ma.kr. árið 2020.

— Vaxtaberandi skuldir jukust um 23 ma.kr. á árinu og stóð í 209 ma.kr. í árslok skv. ársreikningum félaganna árið 2020, en þá eru 30 ma.kr. skuldir við tengd félög meðtalin.

— Skuldamargfeldi (skuldir á móti EBIT) jókst mikið á milli ára. Réttara er að bera skuldsetningu saman við rekstur ársins 2019 frekar en 2020 þar sem það er ekki lýsandi fyrir getu félaganna til að standa undir skuldsetningu.

— Þá hafa safnast upp umtalsverðar skammtímaskuldir, allt að 25 ma.kr. umfram það sem eðlilegt er. Erfitt getur reynst að vinna á þessum skuldum nema með frekari lántöku eða eiginfjár innspýtingu.

**7,7x**

Skuldir/EBIT

— Fjárhagsstaða félaganna og áskoranir eru sem fyrr misjafnar eftir greinum og landshlutum.

— Í hverri grein eru fjárhagslega sterk félög sem hafa mikið vægi í útreikningunum. Sé horft framhjá þremur sterkustu félögum í hverri grein má sjá að eiginfjárstaða félaga í greininni lækkar úr 19% í 8% í árslok 2020.

— Meirihluti félaga voru með jákvætt eigið fé og þriðjungur þeirra skilaði jákvæðri rekstrarafkomu (EBIT) á árinu.



— Við árslok 2020 bjuggu um 25% félaga við góða eða viðunandi fjárhagsstöðu en rúmlega þriðjungur eru of skuldsett eða með ósjálfbæran rekstur.


— Rekstur ársins 2021 hefur ekki bætt stöðu þessara félaga sem skulduðu samtals 104 m.kr. Í þessu samhengi má benda á að bankarnir hafa varúðarfært útlán til ferðapjónustufyrirtækja sem nemur 17 ma.kr. í lok þriðja ársfjórðungs 2021.



# Slagurinn við COVID-19 árið 2021




## Fjöldi starfandi í ferðapjónustunni í þús.




Heimild: Hagstofan, VMST, Rannsóknarsetur verslunar og greining KPMG.

## VSK velta 2021

samanborið við veltu árið 2019



## Vægi innlestrar veltu árið 2021



## Landið tók að rísa í ágúst 2021

- Tæplega 700 þúsund ferðamenn sækja landið heim í ár.
- Ferðamenn dvelja lengur og eyða meiru og þar hjálpar m.a. veik króna. Þá er neyslumynstrið að breytast og er kortavelta hlutfallslega hærrí hjá bílaleigum og veitingaþjónusta á móti lækkun hjá verslun og farþegaflutningum.
- Félög búin að skala niður kostnað og aðlaga að lágmarksstarfsemi, semja við leigusala um frýstingu eða lækkun leigugreiðslna.
- Flest félög glíma við verulegt tekjufall, háan launakostnað og neikvæða afkomu. Bílaleigur eru undantekning þar á.
- Samið um greiðsluhlé lána við lánveitendur sem flest hafa verið framlengd m.v. upphaflega ráðstöfun.
- Stuðningsúrræði stjórnvalda árið 2021 metin um **11 ma.kr.**
- Fjöldi starfandi aukist um tæplega **10 þús.** eða **70%** frá áramótum 2020 til loka þriðja ársfjórðungs 2021 en almennt reyndist erfitt að ráða starfsfólk yfir sumartímann.

## Hver er vandinn?

- Tekjur um **240 ma.kr.** árið 2021, tap greinarinnar nemi um 24 ma.kr. og eigið fé lækkar úr 19% í 12% í árslok 2021.
- Án úrræða stjórnvalda hefði eigið fé getað lækkað um allt **að 95 ma.kr.**
- Umfram skuldsetning í formi vaxtaberandi skulda **er áætluð um 55 ma.kr.** og líklegt að endurfjármagna þurfi allt **að 25 ma.kr.** af skammtímaskuldum.
- Félögin hafa fjárfest lítið síðustu tvö ár og má áætla að uppsöfnuð fjárfestingaþörf sé **20-25 ma.kr.**
- Fá félög hafa fram að þessu hellst úr lestinni en einungis 24 félög sóttu um greiðsluskjól árið 2020 og 45 um gjaldþrotaskipti.
- Mörg félög munu ekki geta haldið áfram rekstri nema til komi aukið hlutfé eða niðurfelling skulda á meðan önnur félög eru líkleg til að ráða við stöðuna.
- Sterk félög eru í greininni sem geta leitt viðspyrnuna.
- Augljósa skilyrðið fyrir þessari þróun hlýtur að felast í að eðlileg rekstrarskilyrði skapist sem fyrst á ný.

The KPMG logo is positioned at the top center of the page. It consists of the letters 'KPMG' in a bold, sans-serif font, with each letter contained within a small square frame. The background of the entire page is a photograph of a coastal road in Iceland, showing a dark asphalt road with white lane markings curving along a rocky shore under a cloudy sky.

KPMG

# Ferðapjónusta árið 2020


# Þróun helstu lykilstærða



## Fjöldi ferðamanna og tekjur á hvern ferðamann


Í milljónum

Í þús. kr.



## Fjöldi gistinguátta og gistinguætur á hvern ferðamann


Í milljónum



## Kortavelta og kortavelta á hverja gistinguótt


Í milljörðum króna

Í þús. kr.



## Fjöldi starfandi í einkennandi greinum ferðapjónustu

Í þús.




ATH: Hækkun á tekjum á hvern ferðamann árið 2020 skýrist aðallega af auknum viðskiptum Íslendinga.  
Heimild: Ferðamálastofa, Creditinfo, Hagstofa, Rannsóknarsetur verzlunarinnar og greining KPMG





## Rekstrartekjur (án flugs)

Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, greining KPMG og Ferðamálastofu.

## Um 200 ma.kr. tekjutap milli ára 2019 og 2020


Samkvæmt Hagstofunni nam hlutur ferðapjónustunnar í landsframleiðslu 3,9% árið 2020, samanborið við 8,0% árið 2019. Tekjutap ferðapjónustufyrirtækja utan flugfélaga og flugtengdrar starfsemi nam tæplega 60% milli ára 2019 og 2020 þegar tekið er mið af ársuppgjörum.

Um 15,6 ma.kr. tekjur eða lækkun kostnaðarliða má rekja til stuðnings stjórnvalda, s.s. laun á uppsagnarfresti, lokunar-, tekjufalls- og viðspyrnustyrki.

Án stuðningsaðgerðanna hefði tekjufallið orðið hærra en þó ekki sem nemur 15,6 ma.kr. þar sem flest félögin færa m.a. stuðning tengdum launum á uppsagnarfresti til lækkunar á launakostnaði.

## Rekstrarkostnaður (án flugs)

Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, greining KPMG og Ferðamálastofu.

## Rekstrarkostnaður lækkar um 152 ma.kr.

Í samræmi við snarpan samdrátt réðst ferðapjónustan í aðgerðir til að draga úr rekstrarkostnaði. Í heildina nam niðurskurður rekstrarkostnaðar um 50% milli ára 2019 og 2020.

Með tilstuðlan aðgerða stjórnvalda m.a. með greiðslu hlutabóta árið 2020 (9,5 ma.kr.) komu áhrif hagræðingaaðgerða fram hraðar en ella.

Hlutfallslega er þó launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hár enda má gera ráð fyrir:


- Að nokkra mánuði taki að ná fram hagræði vegna aðgerða.
- Að fastur kostnaður við að viðhalda lágmarksstarfsemi sitji eftir, auk rekstarskuldbindingar s.s. leigu á húsnæði og tækjum.

# Rekstrarpróun (frh.)



## EBIT og EBIT%

Í milljónum króna



Heimild: Creditinfo og greining KPMG

### 46 ma.kr. afkomusveifla

Rekstrarafkoma (EBIT) greinarinnar var neikvæð um 26,5 ma.kr. á árinu 2020 en samdráttur í rekstrarafkomu nam 46 ma.kr.


- EBITDA greinarinnar var neikvæð um 7 ma.kr. og afskrifitir námu 19,6 ma.kr.
- Nettó fjármagskostnaður 12,2 ma.kr. og heildar tap 35,5 ma.kr.

Heildaráhrif aðgerða stjórnvalda á rekstur ferðapjónustufyrirtækja hefur líklega numið allt að 25 ma.kr. árið 2020 og þannig komið í veg fyrir mun stærra tap.

Úrræði stjórnvalda árið 2021 eru til þessa metin um 10,8 ma.kr. en ítarlegri greiningu er að finna á bls. 24.

## Summa jákvæðs og neikvæðs EBIT

Í milljónum króna



### Um 750 félög skila jákvæðri rekstrarafkomu (EBIT)

Rekstrartap var ekki algilt. 750 félög skiluðu jákvæðri rekstrarafkomu (EBIT) árið 2020.

- Tekjur félaga með jákvæða EBIT námu 48 ma.kr. og afkoma þeirra nam samtals 5,9 ma.kr.


1.488 félög skiluðu neikvæðri rekstrarafkomu. Rekstrartekjur þeirra voru 98 ma.kr. og neikvæð afkoma nam 33 ma.kr.

- Tíu félög voru með þriðjung rekstrartapsins eða 11 ma.kr.
- Rekstur ferðaskrifstofa sker sig úr í þessum hóp, einungis 11% þeirra var með jákvæða rekstrarafkomu.



## Fastafjármunir

Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo og greining KPMG

## Fastafjármunir lækka


Eignir hafa eðlilega rýrnað þar sem lítið er um nýfjárfestingar og viðhald fjárfestingar. Eignir eru þó hærri en árið 2018 sem var metár í ferðapjónustu.

Ófnislegar eignir nema einungis 7 ma.kr. eða um 10% af eiginfjárstöðu greinarinnar. Greinin nýtur nú góðs af að hlutfallslega lítið er af ófnislegum eignum sem eru eðlilega viðkvæmari fyrir virðisrýrnun í erfiðu árferði en hefðbundnir fastafjármunir.

Nettó fjárfestingahreyfingar námu 3 ma.kr. samanborið við 27 ma.kr. árið 2019. Stærsta fjárfestingin nam 2,7 ma.kr. í fasteign og aðstöðu Sky Lagoon í Kópavogi. Á móti er eitthvað af sölu eigna, sér í lagi gistiheimila.

## Veltufjármunir og skammtímaskuldir

Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo og greining KPMG

## Viðhalda lausafé samhlíða lækkun á annarri veltufjáreign

Félög í greininni hafa náð að verja lausafé og áttu í lok árs 26 ma.kr. til að mæta erfiðum rekstrarmánuðum sem og að standa skil á vaxtagreiðslum til lánveitenda árið 2020.

Líklegt er að einhver félög hafi losað eignir eða nýtt sér úrræði eins og Stuðningslán (6,2 ma.kr) til að tryggja sér nægt laust fé til að mæta áskoruninum. Á móti hafa fyrirtækin, í flestum tilfellum, ekki verið að greiða afborganir af lánum.


Önnur veltufjáreign lækkar í eðlilegu hlutfalli við lækkandi veltu, ólíkt skammtímaskuldum.

# Þróun skammtímaskulda




## Skammtímaskuldir

Í milljörðum króna



## Skammtímaskuldir<sup>1</sup>

Í milljörðum króna



ATH: 1) Viðskiptaskuldir, fyrirframinnheimtar tekjur og aðrar skammtímaskuldir  
 Heimild: Creditinfo og greining KPMG

■ Snjóhengja - skuldir '20 umfram meðaltal '16-'19  
 ■ Skuldir - miðað við meðaltal % af tekjum '16-'19  
 ■ Skuldir % af tekjum - meðaltal '16-'19  
 ■ Skuldir % af tekjum

## Skammtímaskuldir lækka um 10 ma.kr.

Skammtímaskuldir, utan vaxtaberandi skulda, lækka úr 60 ma.kr. í 50 ma.kr. milli ára eða um 10 ma.kr.

Við fyrstu sýn virðist þessi þróun eðlileg en þegar skuldir eru settar í samhengi við umtalsvert lægri veltu og kostnað má greina að vandi vegna skammtímaskulda er að þróast.

## Skammtímaskuldir 25 ma.kr. yfir meðalstöðu síðustu ára

Söguleg þróun sýnir að skammtímaskuldir nema að jafnaði um 17% af árstekjum í árslok en hafa nú hækkað í 34%. Miðað við óbreytt hlutfall hefðu skammtímaskuldir numið um 25 ma.kr. og má leiða að því líkum að hér sé að finna frestun á leigugreiðslum og ýmsum birgjaskuldum, auk þess að mörg fyrirtæki gátu frestað staðgreiðslu skatts og tryggingargjalds fyrir árin 2020 og 2021. Miðað við núverandi úrræði geta félög sótt um frest til að byrja endurgreiðslu 1. júlí 2022.


Stærsti hluti þessa vanda liggur hjá gististöðum (12,6 ma.kr.) og félögum í afþreyingu (4,3 ma.kr.).

# Vaxtaberandi skuldir




## Vaxtaberandi<sup>1</sup> skuldir og EBIT margfeldi skulda<sup>2</sup>

Í milljórum króna



## Þróun fjármagnskostnaðar

Í milljórum króna



ATH: 1) Vaxtaberandi skuldir eru langtímalán, næsta árs afborganir, yfirdráttur og leiguskuldbindingar.  
 2) Skuldahlutfallið er aðlagð þannig að heildar vaxtaberandi skuldum er einungis deilt með jákvæðri EBIT 2) Skuldir 2020 á móti EBIT 2019  
 3) Leiguskuldbindingar Flugleiðahótelna nema 29,5 ma.kr. í árslok 2020, þar af 1,3 ma.kr. meðal skammtímaskulda en það skýrir mikla hækkun skulda árið 2019.

Heimild: Creditinfo og greining KPMG

## Vaxtaberandi skuldir aukist um 23 ma.kr.

Vaxtaberandi skuldir námu 209 ma.kr. í árslok en þá eru 30 ma.kr. skuldir við tengd félög meðtalin sem ekki voru dregnar sérstaklega fram í fyrri greiningum okkar. Hér vantar 8 ma.kr. skuldir félaga sem hafa ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2020 og 6 ma.kr. leiguskuldbindingu sem skráð var árið 2019 en ekki 2020 vegna breyttra uppgjörsaðferða. Að teknu tilliti til þess hafa skuldir aukist um 23 ma.kr. milli ára.

Hluti af þessari aukningu kemur til vegna 8,9 ma.kr. lántöku í formi stuðnings- og viðbótarlána. Stuðningslánin þarf að mestu að endurgreiða árið 2023. Að öðru leyti eykst skuldsetning vegna rekstrarhalla, auk veikingar krónunnar á árinu þar sem hluti félaga eru fjármöggnuð í erlendri mynt.

Í árslok 2019 var þegar farið að bera á mikilli skuldsetningu.

## Fjármagnskostnaður

Vaxtagjöld námu 9,9 ma.kr. en kostnaður við lántöku lækkaði í takt við lækkandi vexti. Það er jákvætt að vaxtalækkanir skiluðu sér til ferðapjónustufyrirtækja en með sama hætti mun hækkun stýrivaxta nú leiða til hækkunar á vaxtakostnaði.


Nettó fjármagnskostnaður nemur 12,2 ma.kr. en þar kemur meðal annars fram 3 ma.kr. gengistap vegna lækkun krónunnar á árinu.

# Breyting eigin fjár



## Eigið fé

Í milljónum króna



Heimild: Creditinfo og greining KPMG


## Árið 2020 þurrkaðist út meira en 3ja ára eiginfjármýndun

Nettó eigið fé greinarinnar í lok árs nam 61 ma.kr. sem er 5 ma.kr. lægra en heildar eigið fé í lok árs 2016. Milli ára lækkaði eigið fé um 35 ma.kr. og má leiða að því líkum að fjárhæðin hefði geta numið um 60 ma.kr. án stuðningsaðgerða ríkisins.

Meirihluti félaga er þó enn með jákvætt eigið fé og staðan nokkuð áþekkt eftir greinum og landshlutum.

## Eigið fé með og án sterkustu félaga í hverri grein

Í milljónum króna









## Nokkur félög í hverri grein hafa mikið vægi

Heildaryfirlit yfir eigið fé eftir greinum gefur til kynna að við árslok 2020 hafi staðan verið bærileg. Ef rýnt er frekar í tölurnar má hins vegar sjá að staðan versnar til muna ef félög með hæsta eigið féð eru fjarlægð úr mengi hversrar greinar.

- Eigið fé greinarinnar fer úr 60 ma.kr. í 17 ma.kr. ef þrjú stærstu félögin í hverri grein eru undanskilin.
- Eiginfjárhlutfall greinarinnar lækkar úr 19% í 8%.

# Heildaryfirlit einkennandi greina




Fyrirtæki	Fjöldi fyrirtækja	Stöðugildi	Velta	EBIT	Launahlutfall	Eignir	Vaxtaberandi skuldir	Eiginfjárhlutfall	Skuldir / EBIT 2019 <sup>2</sup>
<b>Afþreying</b> 2019 	713	1.535	20,6	-6,3	53%	63,9	31,1	28%	4,3x
	716	2.648	61,5	7,0	35%	67,4	26,3	34%	3,7x
<b>Gististaðir</b> 	558	2.394	29,6	-11,8	48%	154,1	91,5	18%	14,8x
	563	4.823	83,7	4,5	39%	169,9	91,2	26%	14,5x
<b>Veitingarekstur</b> 	640	4.333	60,8	-1,7	41%	36,5	12,3	19%	4,3x
	620	5.847	85,6	2,6	40%	39,5	11,1	26%	3,9x
<b>Bílaleigur</b> 	71	596	15,4	-1,9	29%	43,8	32,3	8%	10,5x
	76	978	32,6	3,1	25%	54,8	33,7	16%	11,1x
<b>Hópfærðir og hópíleigur</b> 	172	890	14,9	-1,7	47%	16,5	8,5	17%	7,0x
	167	1.348	31,4	0,2	38%	18,7	8,3	25%	6,6x
<b>Ferðaskrifstofur</b> 	88	425	11,4	-3,1	26%	12,8	3,2	21%	1,7x
	86	713	56,0	2,0	12%	17,6	0,7	32%	1,1x
<b>Samtals</b>	<b>2.242</b>	<b>10.173</b>	<b>153</b>	<b>-26,5</b>	<b>42%</b>	<b>327,5</b>	<b>178,9</b>	<b>19%</b>	<b>7,7x</b>
	<b>2.228</b>	<b>16.357</b>	<b>351</b>	<b>19,5</b>	<b>33%</b>	<b>367,8</b>	<b>171,2</b>	<b>26%</b>	<b>7,4x</b>

ATH: 1) Fjárhæðir í milljórum króna.

2) Við útleiðslu á skuldamargfeldi í árslok árslok 2020 var notast við EBIT 2019. Skuldahlutfallið er leiðrétt þannig að neikvætt EBIT er ekki reiknað með.

Heimild: Creditinfo og greining KPMG

# Greining á rekstrarhæfi vegna skuldsetningar



Ásunum tveimur er ætlað að skeyta saman rekstrarhæfi og styrkleika efnahagsreiknings.

- Skuldarmargfeldi til að meta hversu vel reksturinn (2019) getur staðið undir skuldsetningu við árslok 2020.
- Skuldahlutfall til að meta styrkleika efnahagsreiknings.


Stuðst er við mismunandi veðhæfi eftir einkennandi greinum til leggja mat á hvort veð séu í lagi (veðhlutfall frá 70% upp í 100%).

Leiða má líkur að því að fjármálastofnanir leggi frekar áherslu á að ná utan um félög í rekstrar- og fjárhagserfiðleikum sem eru með veð í lagi. Önnur félög þurfa að auka hlutfé eða leita lagalegra úrræða við fjárhagslega endurskipulagningu.

Athuga ber að leiguskuldbinding er skuldbinding utan efnahags hjá flestum félögum sem myndi að öðru óbreyttu hækka verulega skráðar langtímaskuldir í efnahagsreikningi ef alþjóðlegum reikningsskilastöðlum væri beitt.



# Skuldastaða í árslok 2020



Töluverður skuldavandi var til staðar fyrir COVID-19, ef tekið er mið af skilgreiningum á fjárhagsstöðu hér að framan og greiningu á afkomu (EBIT) ársins 2019 og skuldsetningu í árslok 2020.

**179 ma.kr.** er samtals staða vaxtaberandi skulda fyrirtækjanna í gagnagrunninum sem unnið er úr í þessari greiningu, samanborið við 171 ma.kr. árið 2019. Fjárhæðin í árslok 2020 er utan skulda við tengda aðila, sem líkja mætti við einkonar víkjandi lán í þessu samhengi þó það geti vissulega verið mikil einföldun.

- **104 ma.kr.** af vaxtaberandi skuldum hvíla á fyrirtækjum á skilgreindu áhættusvæði eða í fjárhagsvandræðum.
- Mest tilfærsla er frá **Rautt en veð í lagi** í **Rautt** frá árinu 2019.
- Minnihluti fjárhæðinnar, 57 ma.kr., fellur á Græn og Gul svæði og eru 54% félaga í greininni þar að baki.

Heimild: Creditinfo, greining KPMG og Ferðamálastofu

# Fjárhagsstaða við árslok 2020 | Niðurbrot



## Rautt - Landssvæðaskipting

	Suðvesturhorn*		Landsbyggð		Allt landið	
	Fjöldi	Vaxtab. Skuldir	Fjöldi	Vaxtab. Skuldir	Fjöldi	V.b.skuldir
Afþreying	75	3,7	49	3,7	124	7,4
Bílaleigur	6	5,3	0	0,0	6	5,3
Ferðaskrifstofur	7	0,2	2	0,0	9	0,3
Gististaðir	66	49,1	50	3,9	116	53,0
Hópfærðir	24	2,1	8	0,1	32	2,3
Veitingarekstur	75	3,7	30	1,3	105	5,0
<b>Samtals</b>	<b>253</b>	<b>64,2</b>	<b>139</b>	<b>9,0</b>	<b>392</b>	<b>73,2</b>

Aths. \* Höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Suðurnes

## Allt landið

Án flugs	Fjöldi félaga	Stöðugildi	Velta (ma.kr.)	EBIT (ma.kr.)	Vaxtaberandi skuldir (ma.kr.)
Grænt	573	1.579	29,8	3,9	28,3
Gult 1	634	1.041	18,9	-1,9	24,8
Gult 2	220	1.032	14,9	-3,6	18,6
Rautt en veð í lagi	423	2.417	35,4	-9,1	40,6
<b>Rautt</b>	<b>392</b>	<b>4.105</b>	<b>53,6</b>	<b>-15,8</b>	<b>58,9</b>
<b>Samtals</b>	<b>2.242</b>	<b>10.173</b>	<b>152,7</b>	<b>-26,5</b>	<b>178,9</b>

ATH: Stór fyrirtæki eins og Bláa Lónið geta skekkt mjög lykil kennitölur einkennandi greina, jafnvel þó það sé verið að horfa á flokkinn „Stór fyrirtæki“. Það gæti því verið nauðsynlegt að setja þau í sér flokk til að frekari aðgreiningar.  
Heimild: Creditinfo og greining KPMG og Ferðamálastofu.


KPMG

# Rekstur í faraldri





## Erlendir farþegar um Keflavíkurflugvöll eftir ríkisfangi



Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa og greining KPMG

## Kröftugur bati á þriðja ársfjórðungi 2021

Eftir heldur dræman ferðamannastraum fyrri hluta árs 2021 tók við fjölgun í fjölda ferðamanna á þriðja ársfjórðungi. Október var einnig góður mánuður en það dró nokkuð úr í nóvember vegna fjölgunar smita hérlendis og erlendis.

Gera má ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna verði í tæplega 700 þúsund á árinu 2021.

Bókunarstaða á hótélum í Reykjavík gefur til kynna töluverða bætingu á næsta ári og er þróun á eftirspurn farin að líkjast stöðunni fyrir COVID. Spár IATA gera ráð fyrir talsverðum bata á árinu 2022 en tölur úr flugleitarvélum sýna að þó nokkuð sé í land frá 2019. Þá sýna tölur UNWTO að ferðavilji eru orðinn meiri en fyrir COVID og ljóst að batinn getur orðið mjög hraður þegar skilyrði til að ferðast lagast.

## Ferðavilji mun meiri en fyrir COVID

### Travel Sentiment - TCI RESEARCH



Heimild: [www.unwto.org/unwto-tourism-recovery-tracker](http://www.unwto.org/unwto-tourism-recovery-tracker)

## Bandaríkjamenn fyrirferðameiri en áður


Samsetning ferðamanna það sem af er ári 2021 er ólík samsetningu ársins 2019.

- Bandaríkjamenn voru 37% af heildarfjölda erlendra ferðamanna fyrstu 10 mánuði ársins 2021 samanborið við 24% fyrir sama tímabil árið 2019.
- Líklega er um skammtímabreytingu að ræða sem muni ganga til baka þegar draga fer úr áhrifum faraldursins, sér í lagi þegar ferðamenn frá Bretlandi og Asíu taka við sér á ný.

Aðrir markaðir munu líklega taka við sér haustið 2022. Sem dæmi um ferðavilja voru 630 milljón ferðir farnar í Gullvíkunni í október 2021 í Kína. Fjöldinn samsvarar því að hálf kínverska þjóðin hafi verið á faraldsfæti.



## Gistinætur í öllum flokkum gistaða



Heimild: Hagstofa og greining KPMG

## Aukin eftirspurn Íslendinga en dugar þó skammt


Frá því að faraldurinn skall á hafa íslenskir ferðamenn verið meginuppistaðan í eftirspurn á gistimarkaði, en breytingu á því mátti merkja síðsumars.

Fagna verður ferðavilja Íslendinga en fjöldinn þarf að koma erlendis frá:

- Þrátt fyrir að gistinætur Íslendinga á árinu 2021 muni nær tvöfaldast frá árinu 2019 dugar það skammt.
- Kröftug aukning í gistinóttum erlendra ferðamanna á þriðja ársfjórðungi 2021 nemur samsvarandi fjölda og bókanir Íslendinga síðastliðna 13 mánuði.

## Framboð og nýting hótelherbergja

Í þús.



## Gistinóttum á hvern ferðamann fjölga


Á árunum 2019 til 2021 hefur meðal gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgað úr 3,8 í 4,7 á tímabilinu janúar til október. Það er um 24% aukning milli tímabila.

Eins og við var að búast minnkaði framboð gistingar um 19% árið 2020 enda heilu hótélunum lokað. Þrátt fyrir þennan samdrátt í framboði varð heildarnýting á hótélherbergjum einungis 25% á landinu öllu á árinu 2020 samanborið við 65% árið 2019.

Í október og nóvember 2021 er framboð hótélherbergja orðið jafn mikið og á sama tímabili árið 2019. Nýting er minni eða 82% af því sem hún var á sama tímabili árið 2019.



## Mánaðarleg kortavelta erlendra ferðamanna




Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar og greining KPMG

## Kortavelta erlendra ferðamanna

Kortavelta erlendra ferðamanna janúar til október 2021 nemur um 49% af því sem hún var fyrir sama tímabil árið 2019. Í september og október var þetta hlutfall búið að hækka í 85%.

- Kortavelta bandarískra ferðamanna jókst á þriðja ársfjórðungi og frá júlí 2021 hefur hún verið hærri en hún var árið 2019.
- Ef litið er til kortaveltu þýskra ferðamanna má sjá svipaða þróun en frá ágúst 2021 hefur veltan verið hærri en hún var árið 2019.
- Kortavelta breskra ferðamanna hefur ekki tekið eins hratt við sér en í október nam hún um 54% af því sem hún var í október 2019.

## Samsetning kortaveltu ferðamanna



## Samanburður við fjölda ferðamanna

Þrátt fyrir að kortavelta Bandaríkjamanna sé hærri í október 2021 miðað við október 2019 er fjöldi bandarískra ferðamanna 91% af fjölda 2019. Kortavelta á hvern Bandaríkjamanna hefur því aukist nokkuð.


Fjöldi þýskra ferðamanna er meiri í október 2021 en hann var árið 2019, þar sem fjöldinn fer úr 8.216 í 9.957.

Í október 2021 munaði mestu á fjölda kínverskra og breskra ferðamanna, sem voru samtals um 21 þúsund færri en í október 2019.

Gengið hefur auk þess mikil áhrif á eyðslu en íslenska krónan er nú veikari en hún var árið 2019. Þannig er meðalgengi USD 4% hærra árið 2021 samanborið við árið 2019, EUR 9% og GBP 12%.



## Fjöldi starfa og hlutfall lausra starfa í ferðaþjónustu



## Mikil fjölgun starfa en hátt hlutfall byggt á ráðningarstyrkjum


Gögn um vinnumarkaðinn í ferðaþjónustu gefa til kynna að hann sé mjög sveigjanlegur. Á 18 mánaða tímabili frá mars 2020 til loka september 2021 tekur fjöldi starfandi 45% dýfu en hann var 25 þúsund í upphafi og lok tímabilsins.

Vert er að geta þess að á milli fyrsta og þriðja ársfjórðungs 2021 verða til rúmlega 11 þúsund störf í ferðaþjónustu en á sama tímabili eru ríflega 2.965 ráðninga inn í greinina í gegnum ráðningarstyrki og Hefjum störf.

Samkvæmt Hagstofunni var fjöldi launagreiðenda í október 2021 farinn að nálgast sambærilega fjölda og í október 2019.

## Launagreiðendur

Fjöldi launagreiðanda í október ár hvert og hlutfall af fjölda í október 2019



## Um þriðjungur starfandi eru erlendir ríkisborgarar

Hlutfall erlendra ríkisborgara af fjölda starfandi í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar var 38% í september 2021, samanborið við 32% á sama tíma árið 2020. Hlutfallið hefur ekki verið hærra á síðustu árum.

Þegar umfang ferðaþjónustunnar var sem mest í fjölda ferðamanna talið árið 2018 nam fjöldi starfandi tæplega 33 þúsund.

Nái ferðaþjónustan sama umfangi í fjölda starfa vantar átta þúsund starfsmenn til starfa í greininni. Á sama tíma er fjöldi atvinnulausra hratt að nálgast sambærilegan fjölda og fyrir faraldurinn eða um 10 þúsund.

Ef 10 þúsund atvinnulausra endurspeglar langtíma jafnvægi í fjölda atvinnulausra má draga þá ályktun að frekari fjölgun starfandi í ferðaþjónustu þurfi að koma erlendis frá.


Heimild: Hagstofan, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG

# Áhrif stuðningsúrræða stjórnvalda



## Möguleg þróun eiginfjár án aðgerða stjórnvalda

Í milljörðum króna



Skýring: Mat á einstaka úrræðum er ýmist dregið saman niður á undirbyggjandi félög eða fyrir ferðaþjónustu í heild sinni, alltaf án flugs.

Hér vantar upplýsingar um frestanir skattgreiðslna en takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um hlutdeild ferðaþjónustufyrirtækja.

Eigið fé í árslok 2021 er áætluð stærð byggð á spálíkani KPMG (sjá bls. 25).

Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Stjórnarráðið, VMST, Hagstofa og greining KPMG.

## Aðgerðirnar styrkja eiginfjárstöðu

Stuðningsúrræði stjórnvalda miðuðu að stærstum hluta að því að styðja við rekstur félaga. Má líkja aðgerðunum við eiginfjár innspýtingu til þessara fyrirtækja.

Út frá fyrirtækjarekstri mætti flokka aðgerðir í tvo megin flokka, viðbótar tekjur (17 ma.kr.) og niðurgreiðsla/lækkun á rekstrarkostnaði (19 ma.kr.).

Heildaráhrif stuðningsaðgerða stjórnvalda á eigin fé námu allt að **36 ma.kr.** árin 2020 og 2021. Án þessara úrræða hefði eigið fé félaganna lækkað um allt að **95 ma.kr.** í árslok 2021, sem skýrist þó að mestu af rekstrarhalla á síðustu tveimur árum.

Yfirlit yfir stuðningsúrræði				
Rekstraráhrif	Stuðningsaðgerð	2020	2021	Samtals
Viðbótar tekjur	Tekjufallsstyrkur	6,1		6,1
Viðbótar tekjur	Viðspyrnustyrkur	1,4	3,6	5,0
Viðbótar tekjur	Lokunarstyrkur	0,5	0,1	0,7
Viðbótar tekjur	Ferðagjöfin	0,9	0,4	1,3
Lækkun kostnaðar	Laun á uppsagnarfresti	6,2		6,2
Lækkun kostnaðar	Ráðningarstyrkir		3,5	3,5
Lækkun kostnaðar	Hlutabótaleið	9,5	1,8	11,3
Lækkun kostnaðar	Niðurfelling gistináttaskatts	0,3	1,1	1,4
Lækkun kostnaðar	Lækkun tryggingargjalds	0,16	0,3	0,4
<b>Samtals</b>		<b>25,0</b>	<b>10,8</b>	<b>35,8</b>

## Létta einnig á lausafjárvanda til skamms tíma

Ferðaþjónustufyrirtæki sóttu sér einnig Stuðningslán (6,1 ma.kr.) og Viðbótarlán (2,7 ma.kr.), samtals að fjárhæð **9.8 ma.kr.** sem hafa ýmist verið nýtt til að fjármagna taprekstur, greiða niður skuldir við birgja og starfsfólk eða styrkja lausafjárstöðu.

Þá gátu fyrirtæki sótt um frestun skattgreiðslna eins og staðgreiðslu launa. Ekki liggur fyrir greining á hvernig þessi úrræði voru nýtt af ferðaþjónustufyrirtækjum en miðað við nýtingu þeirra á öðrum úrræðum má leiða að því líkum að rúmlega helmingur af frestun staðgreiðslu launa hafi verið nýtt af þeim eða um **5,5 ma.kr.**

Það eru því um **15 ma.kr.** stuðningsúrræða sem félögin þurfa að endurgreiða á næstu misserum.

Heildarútlán Ferðaábyrgðasjóðs til ferðaskrifstofa nema í 3,2 ma kr í árslok 2021.



# Útgönguspá fyrir árið 2021



Spálíkan hefur verið sett upp til að áætla tekjur og afkomu fyrirtækja í greininni.

- Byggt á 690 þús. ferðamönnum (+43%) og um 3 milljónum gistinátta (+64%), eru tekjur árið 2021 áætlaðar 238 ma.kr. Í greiningu er horft til þróunar á innlendri veltu og þróun erlendra kortaveltu undirliggjandi greina.
